


ergo 

Sala vinnuvéla 2016




Hjá Ergo starfar hópur sérfræðinga með langa reynslu af fjármögnun tækja í atvinnurekstri. Ergo hefur tekið þátt í fjölbreyttum og ólíkum verkefnum í öllum atvinnugreinum og aðstoðað stór og smá fyrirtæki við að hámarka arðsemi fjárfestinga.

Ergo leggur mikla áherslu á að mæta þörfum viðskiptavina með faglegri ráðgjöf og framúrskarandi þjónustu, hvort sem er að ræða fjármögnun bifreiða, atvinnutækja eða birgða. Ergo fylgist með þróun á markaði og hafa sérfræðingar fyrirtækisins tekið saman tölur um innflutning nýrra og notaðra tækja síðustu misserin og unnið frekari greiningu á meðalaldri þessara tækja. Af niðurstöðum greiningarinnar má draga þá ályktun að enn sé endurnýjunar þörf þrátt fyrir aukinn innflutning.

Tækjaflotinn 1.1.2017	Meðalaldur	Fj. í notkun
Jarðýtur > 4t	25	335
Vegheflar	22	115
Malarhörpur	19	142
Traktorsgröfur	18	839
Hjólaskóflur > 4t	16	531
Valtarar	16	260
Lyftarar > 4t	16	80
Brjótur og kurlarar	15	119

Sala 2016

Heildarinnflutningur vinnuvéla í öllum flokkum nam 1.540 tækjum árið 2016 sem gerir aukningu um 31,3% frá fyrra ári. Innflutningurinn á árinu skaut þar með upp fyrir meðalinnflutning árána frá aldamótum en það hefur ekki átt sér stað síðastliðin átta ár eða frá fjármálahruninu 2008.



Tækjaflotinn 1.1.2017	Meðalaldur	Fj. í notkun
Byggingarkranar	15	119
Malbikunarvélar og fræsarar	14	71
Lyftarar < 10t	14	5.316
Beltagröfur > 4t	12	990
Hjólagröfur > 4t	11	394
Skotbómulyftarar > 10t	11	18
Skotbómulyftarar < 10t	10	993
Smágröfur < 4t	10	1.911

Hár meðalaldur vinnuvéla

Töluverð endurnýjun hefur átt sér stað í tækjafloða landsmanna síðastliðin tvö ár eftir langa niðursveiflu. Þrátt fyrir ágætan gang í innflutningi undanfarið er meðalaldur tækja ennþá hár. Hefðbundnir lyftarar eru að meðaltali 14 ára, minni vélar 10 ára, beltagröfur 12 ára og hjólagröfur 11 ára svo eitthvað sé nefnt. Talsverð endurnýjunarþörf virðist því enn vera til staðar.

Farandvinnuvélar

Flokkurinn farandvinnuvélar er víðtækasti flokkur vinnuvéla en þar undir falla allar vinnuvélar sem geta fært sig á milli staða fyrir eigin vélarafli að undanskildum lyfturum. Heilt yfir jókst innflutningur á nýjum farandvinnuvélum um 44% á árinu 2016 frá fyrra ári. Innflutningur á notuðum vélum dróst hins vegar saman um 6% á milli ára.

Farandvinnuvélar	2015			2016			Breyting milli ára			
	Nr.	Undirflokkur	Notað	Nýtt	Alls	Notað	Nýtt	Alls	Notað	Nýtt
IM	Minni vélar	32	117	149	27	187	214	-16%	60%	44%
EB	Beltagröfur	32	33	65	46	56	102	44%	70%	57%
EA	Hjólagröfur	6	25	31	14	27	41	133%	8%	32%
EH	Traktorsgröfur	14	8	22	7	21	28	-50%	163%	27%
FH	Hjólaskóflur	25	20	45	22	35	57	-12%	75%	27%
LS	Valtarar, sjálfkeyrandi	16	3	19	7	16	23	-56%	433%	21%
GB	Jarðýtur	5	-	5	7	12	19	40%		280%
SF	Brjótur í mölunarsamstæðum	3	1	4	6	5	11	100%	400%	175%
SH	Hörpur í mölunarsamstæðum	4	3	7	2	2	4	-50%	-33%	-43%
HV	Vegheflar	4	-	4	3	1	4	-25%		0%
GS	Borvagnar stærri gerð	2	1	3	5	2	7	150%	100%	133%
MM	Malbikunarvélar	3	1	4	3	3	6	0%	200%	50%
SA	Dregnar vinnuvélar, t.d. valtarar	-	4	4	-	4	4		0%	0%
Annað		55	106	161	10	993	993	-27%	-11%	-17%
Samtals		201	322	523	189	465	654	-6%	44%	25%

Vinnulyftur og mannkörfur

Aukning í innflutningi nýrra vinnulyfta var 80% á árinu 2016. Alls voru fluttar inn 126 nýjar og notaðar skærulyftur á árinu á móti 64 á fyrra ári.

Lyftarar

Alls voru fluttir til landsins 445 lyftarar á árinu 2016 sem er 28% aukning frá fyrra ári. Aukning í innflutningi notaðra lyftara nam 33% á sama tímabili.

Jafnmargir skotbómulyftarar fluttir inn 2016 og 2007

Uppistaðan í lyftaraflokknum eru hefðbundnir gafflalyftarar í lagerhúsnæði og fiskvinnslur sem halda alltaf einhverri starfsemi sama hvernig árar í efnahagslífinu. Með öðrum orðum þarf alltaf að flytja inn lyftara í einhverju magni. Sem dæmi um það fór innflutningur lægst í 120 tæki árið 2009 en það ár voru í heildina fluttar inn 404 vinnuvélar í öllum flokkum. Þrátt fyrir að innflutningur hafi ekki alfarið dottið niður á minni lyfturum þá dróst hann samt mikið saman sem skilar sér í því að meðalaldurinn er orðinn 14 ár. Það má því hæglega gera ráð fyrir því að töluverð endurnýjunarþörf sé enn til staðar.

Vinnulyftur og mannkörfur	2015			2016			Breyting milli ára		
Nr. Undirflokkur	Notað	Nýtt	Alls	Notað	Nýtt	Alls	Notað	Nýtt	Alls
VP Hengiverkpallar	0	1	1	0	1	1		0%	0%
VL Skærulyftur og turnlyftur	20	44	64	23	103	126	15%	134%	97%
VB Lyftiverkpallar < 150 kg lyftg.	0	0	0	0	7	7			
VH Mannkörfur	12	38	50	13	38	51	8%		2%
Samtals	32	83	115	36	149	185	13%	80%	61%

Lyftarar	2015			2016			Breyting milli ára		
Nr. Undirflokkur	Notað	Nýtt	Alls	Notað	Nýtt	Alls	Notað	Nýtt	Alls
JL Lyftarar <10t	36	214	250	53	261	314	47%	22%	26%
JF Skotbómulyftarar <10t	28	64	92	35	91	126	25%	42%	37%
KG Gámalyftarar >10t	1	5	6		4	4	-100%	-20	-33%
KL Skotbómulyftarar >10t	1		1		1	1	-100%		0%
Samtals	66	83	349	88	357	185	33%	26%	28%

Innflutningur á skotbómulyfturum var mjög mikill á árunum fyrir hrun en datt svo alveg niður árið 2009. Hann hefur hægt og rólega tekið við sér og var á árinu 2016 orðinn jafnmikill og árið 2007.

Dráttarvélar


Innflutningur á nýjum dráttarvélum jókst um 8% árið 2016 frá fyrra ári en árið 2015 nam aukningin 23%. 52 notaðar dráttarvélar voru fluttar til landsins á árinu sem er 148% aukning frá fyrra ári.

Erfitt er að komast yfir upplýsingar um fjölda innfluttra landbúnaðartækja. Flest tæki önnur en dráttarvélar eru ekki skráningarskyld og því ekki formlegt utanumhald um skráningu þeirra. Hagstofan heldur þó utan um innflutning landbúnaðarvéla og hluti í þær fyrir utan dráttarvélar. Mælikvarðinn hér er ekki fjöldi tækja heldur tonn og gefur góða vísbendingu um innflutning á landbúnaðartækjum. Hér til hliðar má sjá innflutningstölur í tonnum frá 1999 – 2015 en tölur fyrir árið 2016 eru ekki enn orðnar aðgengilegar.

Hópfæriðabílar


Nýskráningar hópfæriðabíla af öllum stærðum samkvæmt tölum Samgöngustofu voru alls 412 á árinu 2016 sem gerir 124% aukningu á milli ára. Af þessum 412 rútum voru nýskráðar nýjar 235 en 177 notaðar.

Innflutningur lyftara



Dráttarvélar	2014	2015	2016	Hópfæriðabílar	2014	2015	2016
Nýjar	93	114	123	Nýjar	106	107	235
Br. milli ára		23%	8%	Br. milli ára	34%	1%	120%
Notaðar	4	21	52	Notaðar	24	77	177
Br. milli ára		425%	148%	Br. milli ára	-23%	221%	130%
Alls	97	135	175	Alls	130	184	412
Br. milli ára	-11%	39%	30%	Br. milli ára	18%	42%	124%


Landbúnaðarvélar og hlutir í þær fyrir utan dráttarvélar



Kranar

Í flokki krana voru flutt inn 121 ný tæki á árinu 2016 sem gerir 48% aukningu á milli ára. Innflutningur á notuðum krönum jókst um 34% á milli ára.

Fjöldi byggingarkrana er oft talinn gefa vísbendingu um hitann í hagkerfinu. Hér til hliðar má sjá að fjöldi innfluttra byggingarkrana hefur undanfarin ár haldist mjög í hendur við fjölda íbúðabygginga sem hafist er handa við að byggja. Innflutningur á byggingarkrönum lá niðri árin 2009 til 2013 en hefur undanfarin þrjú ár tekið við sér aftur samhliða auknum umsvifum í byggingariðnaði.



Kranar	2015			2016			Breyting milli ára		
	Notað	Nýtt	Alls	Notað	Nýtt	Alls	Notað	Nýtt	Alls
DK Körfukranar	32	21	53	44	31	75	38%	48%	42%
AB Byggingarkranar	8	23	31	2	34	36	-75%	48%	16%
BH Hleðslukr. Gámalyftur > 18tm	11	8	19	25	10	35	127%	25%	84%
CB Brúkranar	5	14	19	5	25	30	0%	79%	58%
PH Hleðslukranar minni gerð	7	4	11	9	1	10	29%	-75%	-9%
DS Steypudælukranar	4	1	5	4	1	5	0%	0%	0%
BS Vökvakranar með skotbómu	10	1	11	2	3	5	-80%	200%	-55%
Annað	6	10	16	20	16	36	233%	60%	125%
Samtals	83	82	165	111	121	232	-6%	48%	41%

Vörubifreiðar


Alls voru nýskráðar 505 vörubifreiðar á árinu 2016 en inni í þeim tölum eru einnig pallbílur. Aukning á milli ára nam 20% alls en 31% aukning var í nýskráningum nýrra vörubifreiða.

Innflutningur notaðra vinnuvéla

Hlutfall innfluttra notaðra vinnuvéla af heildarinnflutningi hefur farið minnkandi undanfarin ár. Árið 2016 var hlutfallið 28% en árið 2011 var það 50%.

Vörubifreiðar	2014	2015	2016
Nýjar	135	218	285
Br. milli ára	50%	61%	31%
Notaðar	143	204	220
Br. milli ára	-31%	43%	8%
Alls	278	422	505
Br. milli ára	-6%	52%	20%

Skipting nýrra og notaðra vinnuvéla



■ Notuð ■ Ný

Heimild: Vinnuefirlitið og útreikningar Ergo

Tegund - undirflokkur	Númer	Influtt 2016	Par af notað	Hlutfall notaðra	Yngri en 4 ára	4 - 8 ára	9 - 12 ára	Eldra
Lyftarar < 10t lyftigeta	JL	314	53	17%	7	16	21	9
Gröfur/ámoksturstaeki, minni gerð	IM	214	27	13%	8	11	6	2
Fjölnotataeki < 10t lyftigeta	JF	126	35	28%	11	11	12	1
Lyftiverkþallar	VL	126	23	18%	3	4	9	7
Gröfur á beltum	EB	102	46	45%	8	31	3	4
Körfukranar	DK	75	44	59%	12	14	12	6
Hjólaskóflur	FH	57	22	39%	7	10	4	1
Mannkörfur	VH	51	13	25%	4	3	5	1
Gröfur á hjólum m/360° snúning	EA	41	14	34%	2	8	3	1
Byggingarkranar	AB	36	2	6%	1	0	0	1
Hleðslukr. Gámalyftur > 18tm	BH	35	25	71%	3	4	15	3
Brúkranar	CB	30	5	17%	0	0	2	3
Gröfur á hjólum	EH	28	7	25%	4	2	0	1
Sláttuvélar og ýmis flutningataeki	SE	28	8	29%	4	1	2	1
Valtarar, sjálfkeyrandi	LS	23	7	30%	4	2	1	0
Dráttartæki	IA	20	4	20%	0	0	4	0
Hlaupakettir og taliur	CD	20	13	65%	2	2	1	8
Dráttarvél með tækjabúnaði	ID	19	11	58%	2	2	3	4
Jarðýtur	GB	19	7	37%	1	3	1	2
Brijótar í mólunarsamstæðum	SF	11	6	55%	0	2	2	2
Hleðslukranar, minni gerð	PH	10	9	90%	0	1	4	4

Heimild: Vinnuefirlitið og útreikningar Ergo

Við aðstoðum með ánægju



Ástráður Sigurðsson

astradur@ergo.is
440 3750



Gísli Héðinsson

gisli@ergo.is
440 4406



Guðbjörn Árnason

gudbjorn@ergo.is
440 4426



Jóhann Einarsson

johanne@ergo.is
440 4789



Guðni Magnús Ingvason

gudni@ergo.is
440 4973



Kári Auðun Þorsteinsson

kari@ergo.is
440 4449

Fyrirvari:

Upplýsingar í þessu skjali eru upprunnar frá innlendum upplýsinga- og fréttaveitum sem taldar eru áreiðanlegar, opinberum upplýsingum, eigin úrvinnslu Íslandsbanka og mati á hverjum tíma. Upplýsingarnar hafa ekki verið kannaðar sjálfstætt af Íslandsbanka og ábyrgist bankinn ekki nákvæmni þeirra, áreiðanleika eða réttmæti. Upplýsingarnar eru einungis birtar í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á þær sem ráðgjöf um að ráðast í eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu.